



Dönsku klúbbur fyrir grunnskólabörn

Dönsku klúbburinn er ætlaður grunnskólabörnum sem búa yfir kunnáttu í dönsku eftir búsetu ytra. Markmið klúbbsins er að skapa vettvang fyrir börnin til að viðhalda dönskunni sem þau hafa þegar tileinkað sér í Danmörku. Þeim gefst tækifæri til gegnum leik og starf að þjálfast í hlustun og tjá sig á dönsku í góðum félagskap.

Til liðs við okkur höfum við fengið Alice Emmu Zackrisson kennara og Amtsbókasafnið á Akureyri. Þátttakendur hittast á Amtsbókasafninu á laugardögum 2 kennslustundir í senn, einu sinni til tvisvar í mánuði.

Klúbburinn verður í boði fyrir börn á grunnskólaaldri, en börn félagsmanna Norræna félagsins á Akureyri eiga aðgang að klúbbnum þeim að kostnaðarlausu.

Skráning fer fram í síma 824 2116. Þeir sem vilja gerast félagsmenn geta einnig haft samband í sama númer. Árgjaldið er 2.500 kr.